



Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árin 2022-2025 er rammafjárhagsáætlun. Markmiðið er að rekstrarútgjöld grundvallist á fyrirsjáanlegum tekjum, að ábyrgðarmörk við áætlunarvinnu séu skýr og að ákvarðanir um breytingar í rekstri byggji á gögnum og upplýsingum frá þeim sem þjónustuna veita.

1 Vinnuferli fjárhagsáætlunar

1. Bæjarstjórn mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
2. Bæjarstjóri boðar bæjarstjórn, fagráð, samráðshópa, sviðsstjóra og forstöðumenn, þar sem við á, á vinnufundi um áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs.
3. Sviðsstjóri og fagráð fjalla um og gera tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
4. Fagráð fjallar um drög að starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
5. Sviðsstjóri fjársýslusviðs leggur fram til bæjarráðs forsendur fjárhagsáætlunar og áætlað ráðstöfunarfé bæjarins og leggur fram tekjuáætlun.
6. Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta fjárhagsárs, annars vegar milli rekstrar og fjárfestinga og hins vegar skiptingu rekstrarfjárins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun, fyrirliggjandi kjarasamningum svo og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
7. Bæjarráð samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
8. Bæjarstjórn hefur samráð við samráðsnefndir, s.s. ungmennaráð, öldungaráð, samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, hverfisnefndir sem og allar fagnefndir.
9. Bæjarstjóri felur sviðsstjórum að ganga frá starfsáætlunum, launaáætlun, breytingum á gjaldskrá og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarráð.
10. Sviðsstjóri, sem fengið hefur fjárhagsramma, vinnur drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun í samvinnu við fagráð og sendir fjársýslusviði sem útbýr frumvarp fyrir bæjarráð. Skal sú vinna byggja á samstarfsamningi meirihluta hverju sinni og þeim fjármunum sem málaflokknum er úthlutað í fjárhagsramma.

Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokk skulu vera innan fjárhagsrammans.

Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig fjármunum málaflokksins verður varið þ.e. hvernig þeim skuli skipt milli stofnana málaflokksins og lýsir því hvernig rekstri málaflokksins verði fyrir komið innan rammans.

11. Bæjarráð fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ráða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Bæjarráð getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytingum.



12. Sviðsstjóri fjársýslusviðs vinnur frumvarp að fjárhagsáætlun auk greinargerðar um frumvarpið og leggur fyrir bæjarráð.
13. Bæjarráð fjallar um fjárhagsáætlanir sviða og vísar þeim til bæjarstjórnar.
14. Bæjarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanir. Starfsáætlanir eru staðfestar í bæjarstjórn.

2 Vinnuferli framkvæmda- og viðhaldsáætlunar

1. Formenn ráða og sviðsstjórar vinna tillögur um þau viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir sem óskað er eftir á næsta ári / næstu árum og skila inn til umhverfis- og mannvirkjasviðs.
2. Umhverfis- og mannvirkjasvið vinnur viðhaldsáætlun næsta árs og til 3ja ára þar sem verkefnum er skipt upp í reglubundið viðhald, ófyrirséð viðhald og fyrirbyggjandi verkefni eftir mannvirkjaflokkum.
3. Umhverfis- og mannvirkjasvið vinnur nýframkvæmdaáætlun næsta árs og til 3ja ára og skilar til bæjarráðs.
4. Bæjarráð fjallar um tillögur umhverfis- og mannvirkjasviðs, samþykkir og vísar til bæjarstjórnar.

3 Skilgreining hlutverka og ábyrgðar í fjárhagsáætlunarferlinu

3.1 Bæjarstjórn

- Mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- Ræðir tillögur að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir á tveimur fundum.
- Samþykkir breytingar á gjaldskrá, þjónustustigi, nýja starfsemi og starfsemi sem áformað er að leggja af.
- Samþykkir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun og fela í sér heildaráætlun um fjármál bæjarins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta.

3.2 Bæjarráð

- Samþykkir tekjuramma og skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma málaflokka.
- Gerir tillögur að breytingum í rekstri, á gjaldskrá og þjónustustigi í starfsáætlunum.
- Fjallar um tillögur um nýframkvæmdir.
- Samþykkir tillögur sviðsstjóra að starfsáætlun og skiptingu á fjárhagsramma málaflokks niður á stofnanir.



- Leggur fram tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn og eftir atvikum breytingartillögur til síðari umræðu.

3.3 Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs

- Bera ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Leggja fyrir bæjarráð tillögur að skiptingu áætlaðra tekna fjárhagsársins milli almennra rekstrargjalda og fjárfestinga.
- Gera tillögur að skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma fyrir einstaka málaflokka og ófyrirséð gjöld og leggja þær fyrir bæjarráð til afgreiðslu.

3.4 Formenn fagráða

- Bera ábyrgð á að skila inn tillögum að viðhalds- og framkvæmdaáætlun fyrir sína málaflokka.
- Bera ábyrgð á að upplýsa nefndafólk um framvindu fjárhagsáætlunar og ákvarðana sem bæjarráð tekur er snerta viðkomandi ráð.

3.5 Fagráð

- Er bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsröðun verkefna.
- Leggur fram tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- Fjallar um fjárhagsáætlun og samþykkir starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.

3.6 Sviðsstjóri

- Vinnur starfsáætlun með fagráði.
- Gerir tillögu til bæjarráðs um skiptingu fjárhagsramma stofnana og verkefna á hans sviði.
- Ber ábyrgð á að skila sundurliðaðri fjárhagsáætlun á einstaka gjaldaliði til fjársýslusviðs.

3.7 Sviðsstjóri fjársýslusviðs

- Áætlar skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs á næsta ári og leggur fram yfirlit yfir helstu forsendur varðandi þróun tekna og gjalda.
- Áætlar skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs næstu þrjú ár þar á eftir.
- Leggur fram forsendur fjárhagsáætlunar og leggur mat á almennar verðlagsbreytingar milli fjárhagsára.
- Fer yfir fjárhagsáætlanir og aðgætir hvort þær eru samkvæmt gefnum forsendum.
- Leiðbeinir um samræmda framsetningu fjárhags- og starfsáætlana.
- Annast frágang og útgáfu tillagna að fjögurra ára fjárhagsáætlun.
- Annast útgáfu samþykkrar fjögurra ára fjárhagsáætlunar.



3.8 Íbúasamráð:

- Við upphaf vinnuferlis fjárhagsáætlunar hefur bæjarstjórn samráð við allar fagnefndir, ungmenna- og öldungaráð, samráðshóp um málefni fatlaðs fólks og hverfisnefndir.
- Fundargerðir samráðsfunda skal taka til umfjöllunar í bæjarráði.
- Sérstaklega skal gera grein fyrir íbúasamráði í greinargerð með fjárhagsáætlun.
- Eftir fyrri umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn skal bæjarstjóri boða til upplýsingafundar um fjárhagsáætlun. Fundurinn skal vera opin öllum íbúum og tryggja skal rými til umræðna bæjarbúa og kjörinna fulltrúa um málefni áætlunar.